

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
227. fundur – 26. september 2017

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, þriðjudaginn 26. september 2017. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 226. fundar frá 22. ágúst 2017 lögð fram. Í upphafi fundar var ákveðið að reglulegir fundir nefndarinnar verði á síðasta virka mánudag í mánuði.

1 Starfsleyfi, umsagnir, tilkynningar o.fl.

1.1 Starfsleyfi

Garðabær

1.1.1 Garðatorg 7, Garðabær – fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Birnu Bjarnadóttur, f.h. Fótaaðgerðastofu Birnu., kt. 110165-5449, dags. 4.09.2017, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fastanúmer: 222-0103. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 21.08.2029 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.2 Kirkjulundur 19, Garðabær – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Þórunnar Ingólfsdóttur, kt. 200547-4039 f.h. Hársnyrtistofu Þórunnar, dags. 05.09.2017, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Kirkjulundi 19, Garðabæ. Fastanúmer: 207-1010. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.3 Miðhraun 14, Garðabær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Bjarna Þórissonar, f.h. B.B.Þ Verktakar ehf., kt. 580302-3940, dags. 04.09.2017, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Miðhrauni 14, Garðabæ. Fastanúmer: 228-3449. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.4 Vífilsstaðahlíð, Garðabær – bílastæði

Lögð fram umsókn Guðbjargar Brá Gísladóttur, f.h. Garðabæjar., kt. 570169-6109, dags. 11.09.2017, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til framkvæmda við bílastæði í Vífilsstaðahlíð, Garðabæ.

Samkvæmt gildandi svæðisskipulagi er áformuð staðsetning á öryggissvæði vatnsverndar. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt tímabundið starfsleyfi.

Hafnarfjörður

1.1.5 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður –heilsugæslustöð

Lögð fram umsókn Thelmu Björk Árnadóttur, f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins., kt. 521005-0760, dags. 19.09.2017, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsugæslu að Fjarðargötu 13-15, þriðju og fjórðuhæð, Hafnarfirði. Fastanúmer: 222-3456 og 222-3458. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.6 Hjallabraut 33, Hafnarfjörður – nuddstofa

Lögð fram umsókn Sigríðar Skúladóttur, f.h. Nuddstofu Sigríðar, kt. 130154-7869, dags. 25.08.2017, þar sem sótt er um leyfi fyrir nuddstofu að Hjallabraut 33, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-5542. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára.

1.1.7 Hvaleyrarbraut 33, Hafnarfjörður – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Þorkels Traustasonar, f.h. Matur og þökkun ehf., kt. 560216-3000, dags. 28.08.2017, þar sem sótt er um leyfi fyrir matvælaframleiðslu og dreifingu að Hvaleyrarbraut 33, Hafnarfirði. Fastanúmer: 225-7529. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.8 Kirkjuvellir 1, Hafnarfjörður – grunnskóli

Lögð fram umsókn Ingibjargar Magnúsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 31.08.2017, þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir grunnskóla að Kirkjuvöllum 1, Hafnarfirði fyrir skólaárið 2017-2018. Fastanúmer: 229-3450. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.9 Linnetstígur 1, Hafnarfjörður – íbúðargisting

Lögð fram umsókn Ingvars Guðmundssonar, f.h. Dyr ehf., kt. 550997-2239, dags. 12.09.2017, þar sem sótt er um leyfi fyrir íbúðagistingu að Linnetstíg 1, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-7503. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.10 Selhella 13, Hafnarfjörður – apótek

Lögð fram umsókn Magnúsar Sigurðssonar, f.h. Apótek Hafnarfjarðar ehf., kt. 51109-0780, dags. 28.08.2017, þar sem sótt er um leyfi til reksturs apóteks að Selhelli 13, Hafnarfirði. Húshluti 0102. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

1.1.11 Sólvangsvegur 2, Hafnarfjörður – heilsugæsla

Lögð fram umsókn Heiðu Davíðsdóttur, f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins., kt. 521005-0760, dags. 18.09.2017, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsugæslu að Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-6502. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.12 Suðurhella 8, Hafnarfjörður – matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Páls Arnars Haukssonar f.h. KeyNatura, kt. 580914-1280, dags. 26.09.2017 þar sem sótt er um viðbótarleyfi til framleiðslu á lýsi að Suðurhelli 8 í Hafnarfirði. Viðbótar starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt endurútgáfa starfsleyfis að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.


Kópavogur

1.1.13 Bláfjallaleið, Kópavogur -- ferðapjónusta

Lögð fram umsókn Björns Ólafssonar f.h. 3H Travel ehf., kt. 600212-0790, dags. 26.07.2017 þar sem óskað er eftir leyfi fyrir móttöku ferðamanna til hellisskoðunar í Þríhnúkagíg. Fyrir liggur greinargerð 3H Travel ehf. dags. 26.07.2017.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar nr. 941/2002 m.s.b. og til ákvæða II. og III kafla samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015 er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með þeim fyrirvara um að leyfi Umhverfisstofnunar verði til staðar.”

1.1.14 Dalsmári 9-11, Kópavogur – matvæli

Lögð fram umsókn Ægis Þórs Lárussonar, f.h. Líkami og Sport ehf., kt. 670717-0620, dags. 30.08.2017, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Dalsmára 9-11, Kópavogi. Fastanúmer: 222-2228. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 31.03.2020.



1.1.15 Engihjalli 8, Kópavogur – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Önnu Lísu Helgadóttur, kt. 100557-4019, f.h. Snyrtistofan Rós, dags. 14.08.2017, þar sem sótt er um leyfi fyrir snyrtistofu að Engihjalla 8, Kópavogi. Fastanúmer: 224-7013.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

1.1.16 Goðasalur 17, Kópavogur – sápugeti

Lögð fram umsókn Markúsar K. Jónssonar, f.h. Gnor ehf., kt. 520717-0800, dags. 29.08.2017, þar sem sótt er um leyfi fyrir sápugeti að Goðasölum 17, Kópavogi. Fastanúmer: 223-9498. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til eins árs að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.17 Hagasmári 5, Kópavogur – heilsugæsla

Lögð fram umsókn Rutar Gunnarsdóttur, f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, kt. 521005-0760, dags. 12.09.2017, þar sem sótt er um leyfi fyrir heilsugæslu að Hagasmára 5, Kópavogi. Fastanúmer: 223-3893. Endurnýjun.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á verslunar- og þjónustusvæði Ho(DII). Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.18 Hamraborg 8, Kópavogur – heilsugæsla

Lögð fram umsókn Kristjönu Kjartansdóttur f.h. Heilsugæslunnar Hamraborg, kt. 521005-0760, dags. 20.09.2017, þar sem sótt er um leyfi fyrir heilsugæslustöð að Hamraborg 8, Kópavogi.

Fastanúmer: 227-0072. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.19 Hamraborg 10, Kópavogur – snyrti- og fótáðgerðastofa

Lögð fram umsókn Aðalbjargar Nielsdóttur, kt. 620915-0410, f.h. Snyrtistofan Jóna ehf., kt. 620915-0410, dags. 1.09.2017, þar sem sótt er um leyfi fyrir snyrti- og fótáðgerðastofu að Hamraborg 10, Kópavogi. Fastanúmer: 206-1434. Yfirtaka á starfsleyfum í eitt fyrir sjö meðferðarrými þar sem fótáðgerðir fara fram í þremur.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og að fyrirliggi samþykkt sóttvarnaáætlun.

1.1.20 Hlíðasmári 5-7, Kópavogur – gististaður

Lögð fram umsókn Guðjóns Kjartanssonar, f.h. Tribe Iceland ehf., kt. 670616-0610, dags. 12.09.2017, þar sem sótt er um leyfi fyrir gististað að Hlíðasmára 5-7 Kópavogi. Allt húsið. Ný starfsemi.

Fyrirliggja samþykktar bygginganefndarteikningar frá 25. nóvember 2016.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa þar með talið til flokkunar gististaða og tegundar rekstrar.

1.1.21 Kársnesbraut 7, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Heiðars L. Halldórssonar, f.h. Bjarkardalur ehf., kt. 500915-0560, dags. 14.09.2017 þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs að Kársnesbraut 7, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Fyrir liggur minnisblað dags. 15.9.2017

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með staðfestingu starfsleyfis til 13. nóvember 2017.

1.1.22 Nýbýlavegur 14, Kópavogur – gististaður

Lögð fram að nýju umsókn Snorra Goða Þorbergssonar, f.h. Fjárfestingafélagsins Sigrúnar ehf., kt. 440311-0240 þar sem sótt er um leyfi til reksturs gististaðar (íbúðargistingar) að Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Fastanúmer: 206-4406. Umsókn fylgir grunnmynd 3. hæðar gerð af ES teiknistofu, dags. 15.05.2002.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.23 Nýbýlavegur 32, Kópavogur – veisluþjónusta

Lögð fram umsókn Önnu Björnsdóttur, f.h. Önnu konditorí slf., kt. 520115-1450, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingaþjónustu að Nýbýlavegi 32, Kópavogi. Fastanúmer: 206-4437.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.24 Smáratorg 1, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Auðuns Pálssonar, f.h. Bónus., kt. 450199-3389, dags. 5.09.2017, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Smáratorgi 1, Kópavogi. Fastanúmer: 223-7876. Breyting á húsnæði.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.25 Urðarhvarf 4, Kópavogur – kaffihús

Lögð fram umsókn Ingibjargar Þorvaldsdóttur f.h. R Invest ehf., kt. 450315-0280, dags. 12.09.2017, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss að Urðarhvarfi 4, Kópavogi. Fastanúmer: 231-1654. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.26 Urðarhvarf 14, Kópavogur – skemmtigarður

Lögð fram umsókn Arnar Ægissonar f.h. Skypark ehf., kt. 480317-1060, dags. 28.08.2017, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skemmtigarðs með sölu matvæla að Urðarhvarfi 14, Kópavogi. Fastanúmer: 229-6728. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.27 Víðigrund 2, Kópavogur – grunnskóli

Lögð fram umsókn Magneu Einarsdóttur, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 11.09.2017, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla með fullbúnu eldhúsi. Fastanúmer: 206-5917. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.28 Víðigrund 2, Kópavogur – íþróttahús

Lögð fram umsókn Gunnars Guðmundssonar, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 14.08.2017, þar sem sótt er um undanþágu fyrir tímabundna íþróttastarfsemi í íþróttasalnum veturinn 2017 til 2018. Fastanúmer: 206-5917. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til eins árs að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.29 Víkurhvarf 1, Kópavogur – samkomusalur

Lögð fram umsókn Aðalsteins Gunnarssonar, f.h. Bindindissamtökin IOGT., kt. 630269-6959, dags. 5.09.2017, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomusal að Víkurhvarfi 1, Kópavogi. Fastanúmer: 230-1031. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Guðmundur H. Einarsson víkur af fundi við afgreiðslu þessa erindis.

1.1.30 Víkurhvarf 7, Kópavogur – snyrtivöruframleiðsla

Lögð fram umsókn Júlíusar B. Kristinssonar f.h. ORF Líftækni hf., kt. 420201-3540, dags. 20.09.2017, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu snyrtivara að Víkurhvarfi 7, Kópavogi. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

1.2 Umsagnir

Garðabær

1.2.1 Hörgatún 2, Garðabær, samkomusalir, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 5.09.2017, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Veritas Capital ehf., kt. 530602-3380, þar sem sótt er um nýtt rekstrarleyfi fyrir samkomusali samkvæmt flokki II við Hörgatún 2, Garðabær.

Jákvæð umsögn veitt að lokinni úttekt.

Hafnarfjörður

1.2.2 Linnestígur 1, Hafnarfjörður, gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14.09.2017, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Dyr ehf., kt. 550997-2239, þar sem sótt er um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki II við Linnestíg 1, Hafnarfirði. Fnr. 207-7503.

Jákvæð umsögn veitt að lokinni úttekt.

1.2.3 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður, veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.09.2017, þar sem óskað er umsagnar á umsókn KOGT ehf., kt. 670905-1280, þar sem sótt er um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Osushi veitingastað samkvæmt flokki II við Reykjavíkurveg 60, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn veitt að lokinni úttekt.

Kópavogur

1.2.4 Bæjarlind 6, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 1.09.2017, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Tækniskólans, kt. 670984-0529, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Spot, Bæjarlind 6, Kópavogi, þann 21.09.2017 frá kl.22.00 – 01.00.

Jákvæð umsögn veitt að lokinni úttekt.

1.2.5 Dalsmári 5, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.09.2017, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Breiðabliks, kt. 480169-0699, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Smáranum, Dalsmára 5, Kópavogi, þann 30.09.2017 frá kl.20.00 – 04.00.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.6 Hlíðasmári 5-7, Kópavogur - hótél, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.09.2017, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Tribe Iceland ehf., kt. 670616-0610, þar sem sótt er um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki IV við Hlíðarsmára 5-7, Kópavogi.

Jákvæð umsögn veitt að lokinni úttekt..

1.3 Tóbaksleyfi

1.3.1 Hraunvangur 7, Hafnarfjörður - verslun

Lögð fram umsókn Hrafnistu / verslun, kt. 160271-3029, dags. 17.08.2017 þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í hjúkrunarheimili Hrafnistu, Hraunvangi 7, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Leyfisveiting staðfest.

1.4 Annað

1.4.1 Dalsmári 5, Kópavogur - tækifærisveitingar

Lögð fram umsókn Múlakaffis ehf., kt. 660772-0229, dags. 8.09.2017, þar sem óskað er eftir tímabundnu leyfi fyrir veitingasölu á sjávarútvegssýningu í Fífunni, Dalsmára 5, Kópavogi, þann 13. – 15. september 2017.

Leyfisveiting staðfest.

2 Fjárhagsáætlun 2018

Fjárhagsáætlun og starfsáætlanir ársins 2017 lagðar fram. Framkvæmdastjóri fór yfir starfsemi og starfsmannamál og kynnti tillögur að starfsskipan og starfsmannahaldi í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar komandi árs.

Heilbrigðisnefnd leggur til að tímagjald verði kr. 13.400 og sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun kr. 16.200.

Framlögð fjárhagsáætlun samþykkt og send sveitarfélögunum til meðferðar.



3 Skipulag

3.1 Brú yfir Fossvog. Breyting á aðalskipulagi. Tillaga á vinnslustigi

Lagt fram erindi Birgis Hlyns Sigurðssonar f.h. Kópavogsbæjar frá 15. september s.l. vegna breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 2012-20124 um að heimilaður verði akstur almenningsvagna til samræmis við skipulagsákvæði um sömu brú í aðalskipulagi Reykjavíkur. Engar athugasemdir eru gerðar.

3.2 Kársnes.- Hafnarbraut 2, 4, 6, 8, og 10. Kársnesbraut 108,110,112, 114. Deiliskipulag

Lagt fram erindi Smára Smárásonar, f.h. Kópavogsbæjar frá 24. ágúst s.l. vegna deiliskipulags Hafnarbrautar 2, 4, 6, 8, og 10 og Kársnesbrautar 108,110,112, 114.. Óskað er umsagnar í samræmi við ábendingar sem settar eru í greinargerð deiliskipulagstillögunnar og umhverfisskýrslu um samráð. Engar athugasemdir eru gerðar.

4 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða

4.1 Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi 2017 frá 5. september 2017.

4.2 Haustfundur 2017

Lagt fram nýtt fundarboð fyrir haustfund Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi með Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og fagráðuneytum sem halda á í Reykjavík 15. nóvember n.k.

5 Önnur mál

5.1 Stöðuskýrsla um fráveitumál 2014

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar dags. 19. september 2017 þar sem óskað er umsagnar um stöðuskýrslu um fráveitumál 2014. Umsögn óskast veitt fyrir 16. október 2017. Vísað til heilbrigðiseftirlits til afgreiðslu.

5.2 Áhættumat á notkun gervigrasvalla í Kópavogi

Lögð fram til kynningar skýrsla um áhættumat á notkun gervigrasvalla í Kópavogi, dags. september 2017, sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands vann fyrir Kópavogsbæ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:43


Ingibjörg Hauksdóttir


Fjölur Sæmundsson


Jón Haukur Ingason


Svava H. Guðmundsdóttir


Gnýr Guðmundsson


Hörður Svavarsson